

mannsins. Allir settust þá niður aftur, að undanskildum leynilögreglumanninum, sem stóð rétt á bakvið fanga sinn.

„Ég verð að gera yður það ómak, að fylla glasið mitt aftur“, sagði Thaurer við einn af þjónum, og eftir að þjónninn hafði gert eins og fyrir hann var lagt, saup Thaurer á glasinu, eins rólega og ekkert væri um að vera, og tók síðan til máls og sagði:

„Ég skal ekki þreyta ykkur með langri skytslu. Ég ætla blátt áfram að gera staðhæfingu. Mannfélagið, það er að segja hið mentaða mannfélag vorra tíma, gefur ilt auga og hegðir þeim mönnum sem það nefnir „glæpamanna flokkinn“. En hvað margir menn hafa nú samt nokkurn tíma rannsakað hið núverandi ástand, prófað orsakirnar sem liggja til þess, að glæpamenn eru til í mannfélaginu? Lífsferill glæpamannsins er ekki svo aðlaðandi, að nokkur maður mundi velja sér hann af frjálsum vilja, ég meina, nokkur maður sem hafur verið gæddur síðferðislegu eðli. Því er auðvitað óbrúsi varið með þá menn, sem ekki eru gæddir neinni síðferðis-tilfinning af náttúrunnar hendi. En ef einhver maður er fæddur án síðferðis-tilfinningar, hverjum er það að kenna? Er það að kenna einstaklingnum sjálfum, eða undangengnum orsökum, sem innibinda í sér bæði foreldri og kringumstæður? Við kennum í brjóstum um mann sem er spiltur af meðfæddri syki, en við fordæmum hinn manninn, sem er fæddur með síðferðislegri spillingu, þótt ástand hans sé samvar-